



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. apríl 2021

2104049SA GB
Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn um frv. um br. á ýmsum lögum vegna hækkunar
lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign,
700. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 15. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Almennt

Óhjákvæmilegt er að gera í upphafi alvarlega athugasemd við hve lítið samráð hefur verið haft um efni þessa frumvarps. Einnig skortir verulega á að lagt hafi verið nægilega vandað mat á áhrif frumvarpsins á starfsemi lífeyrissjóða. Framlagning frumvarpsins er því með öllu ótímabær.

Eins og rakið er í frv. hafa aðilar vinnumarkaðarins unnið markvisst að því að bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga og stuðla að samræmingu réttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Í skýringum við frumvarpið er rakið ítarlega hvaða vinna hefur farið fram varðandi lífeyrisréttindi, sem eru einn mikilvægasti þátturinn í slíkri samræmingu. Minna má á að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna Lífskjarasamningsins frá 29. september sl. kom fram að grænbók um lífeyrismál verði kynnt nú í vor. Lítið hefur frést af málinu og ólíklegt að af kynningu verði nú á vordögum.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu virðast við fyrstu sýn aðallega varða almenna vinnumarkaðinn og er markmið frumvarpsins að löggjöf endurspegli ákvæði kjarasamninga milli Samtaka atvinnulífsins og launþega. Nýmæli sem felst í ákvæðum um tilgreinda séreign ná þó til allra sjóðfélaga, óháð því hvort þeir starfa hjá almennum eða opinberum vinnuveitendum.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir alvarlega athugasemd við að lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, LSR og Brú lífeyrissjóði, skuli gert skylt að veita sjóðfélögum rétt til að taka upp tilgreinda séreign vegna allt að 3,5% iðgjaldaframlags. Svo virðist sem við gerð frumvarpsins hafi ekkert verið hugsað út í þær breytingar sem samþykktar voru með lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sbr. l.nr. 127/2016 og giltu bæði fyrir A-deild þess sjóðs og A-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Við þessar breytingar var áskilið að réttindi sjóðfélaga í A-deild skyldu frá og með 1. júní 2017 byggjast á lögum nr. 129/1997 m.s.b. þ.e. aldursbundinni ávinnslu réttinda. Breytingin hefur einungis áhrif á þá sem koma nýir inn í sjóðinn frá og með 1. júní 2017. Sjóðfélögum sem greiddu iðgjald til sjóðsins fyrir þann tíma var tryggt óbreytt ávinnsla framtíðarréttinda og óbreyttur lífeyristökualdur miðað við 65 ár.

Tilfni er til að áréttu að við samþykkt fyrrgreindra laga átti engin breyting að verða á þegar áunnum réttindum núverandi sjóðfélaga við upptöku á breyttu fyrirkomulagi, hvorki þeirra sem eru í starfi, byrjaðir að taka lífeyri eða eiga eldri réttindi hjá sjóðnum. Þau réttindi verða áfram reiknuð í jafnri réttindaávinnslu og miðuð við 65 ára lífeyristökualdur. Við þessar breytingar var gengið út frá að öllu iðgjaldaframlaginu (15,5%) yrði ráðstafað til samtryggingar og útreikningar á nauðsynlegum framlögum launagreiðenda í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð voru miðaðir við það að framlög stæðu undir jafnri réttindaávinnslu. Með fyrirbyggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að sjóðfélagar sem eiga réttindi í eldra kerfi geti ráðstafað allt að 3,5% af iðgjaldaframlaginu til tilgreindrar séreignar. Nauðsynlegt hefði verið að kanna ítarlega áhrif þessa á sjóðfélaga, sjóðinn og sveitarfélögin með tryggingastærðfræðilegri úttekt.

Vert er að minna á að í tengslum við umrædda lagabreytingu fór fram umfangsmikið uppgjör á fjármögnun lífeyrisskuldbindinga starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og var gert samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig þeirri fjármögnun yrði skipt á milli þessara stjórnsýslustiga. Hvergi í frumvarpinu er vikið að því hvaða áhrif þær lagabreytingar sem nú eru fyrirhugaðar geti haft á forsendur þess samkomulags. Sambandið gerir alvarlega athugasemd við slík vinnubrögð og vísar jafnframt til umsagna hlutaðeigandi lífeyrissjóða um vænt áhrif.

Nánar um efni frumvarpsins

Frumvarpið hefur að geyma heimild til handa sjóðfélögum að ráðstafa í heild eða að hluta hækkuninni á lágmarksiðgjaldi til tilgreindrar séreignar. Nýti sjóðfélagar sér þessa heimild lækkar meðaltal réttindaöflunar úr 1,8% á ári í allt að 1,4% á ári. Heimilt er að hefja úttekt tilgreindrar séreignar þegar sjóðfélagi hefur náð a.m.k. 62 ára aldri og skulu greiðslur dreifast jafnt að lágmarki yfir fimm ára tímabil. Við andlát sjóðfélaga fellur hún til erfingja. Tilgreind séreign er ekki aðfararhæf.

Tiltekin ákvæði frumvarpsins hafa sætt gagnrýni sem undirstrikar að verulega skorti á samráð við gerð frumvarpsins. Þetta á sérstaklega við um eftirfarandi atriði:

- Mikilvægt er að ákvæði 6. gr. frv. um breytingar á verðtryggingu lífeyrisgreiðslna fái vandaða umfjöllun. Það hlýtur að teljast veruleg breyting að verðbætur verði reiknaðar árlega í stað þess að þær reiknist mánaðarlega og verður ekki annað séð en að breytingin hafi neikvæð áhrif á lífskjör sjóðfélaga. Ákvæði frumvarpsins þykja einnig valda óvissu um framkvæmd, svo sem um greiðslur við andlát sjóðfélaga og afturvirkar greiðslur.
- Í 1. gr. frv. er lagt til að upphafsviðmiðunaraldur þegar réttindaávinnsla til ellilífeyris hefst, sem nú er frá 16 ára aldri, verði hækkaður í 18 ár. Kemur fram að breytingin sé til samræmis við réttindaávinnslu til ellilífeyris í lögum um almannatryggingar. Í umsögnum kemur fram að þessi breyting geti valdið óvissu um önnur réttindi, m.a. örorkulífeyri og leggst sambandið líkt og aðrir umsagnaraðilar gegn þessari breytingu.

Tilgreind séreign

Í II. kafla frv. eru lagðar til breytingar á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Þær breytingar snúa einna helst að skattfrjálsri heimild einstaklinga til að nýta tilgreinda séreign til kaupa á fyrsta íbúðarhúsnæði til viðbótar við ráðstöfun á viðbótariðgjaldi til séreignarsparnaðar. Sé rétthafi eigandi að séreignarsparnaði skal fyrst koma til ráðstöfunar á slíkum sparnaði áður en til ráðstöfunar á tilgreindri séreign getur komið. Einnig er lagt til að einstaklingum sem ekki hafa verið skráðir eigendur að íbúðarhúsnæði í fimm ár frá því að umsókn um ráðstöfun berst Skattinum verði heimilað að nýta sér sömu séreignarsparnaðarúrræði og kaupendum fyrstu íbúðar.

Framangreind úrræði geta mögulega til lengri tíma virkað styðjandi við þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð. Áður en lögfesting þeirra kemur til álita er þó nauðsynlegt að fram fari vandað samráð ásamt greiningu á áhrifum þeirra, svo sem á jafnræði sjóðfélaga í lífeyrissjóðum, á sjálfbærni lífeyrissjóðakerfisins í heild og á fjármál ríkis og sveitarfélaga.

Lokaorð

Líkt og rakið er í þessari umsögn leggst Samband íslenskra sveitarfélaga gegn samþykkt frumvarpsins á yfirstandandi þingi en lýsir sig reiðubúið til samráðs um frekari skoðun málsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri